

Reykjavík, 21. september 2016

Niðurstaða athugunar á mati á hæfi og tilhlýðileika fjármálaþjónustu Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á mati Arion banka á hæfi viðskiptavina sinna vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar og tilhlýðileika fjármálaþjónustunnar þann 6. maí 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag og eftirlit bankans í tengslum við öflun upplýsinga og ráðlegginga vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar væri í samræmi við 15. og 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. 35. og 36. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskipti fjármálafyrirtækja.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í september 2016 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst. Þá var tekið úrtak úr hópi viðskiptavina bankans sem tók til nokkurra lögaðila og einstaklinga sem voru annars vegar með eignastýringarsamninga og hins vegar með samninga um fjárfestingarráðgjöf (eignaráðgjöf). Úrtakið náði einnig til nokkurra einstaklinga og lögaðila sem voru með opna afleiðusamninga við bankann.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að verklag og eftirlit bankans í tengslum við öflun upplýsinga og ráðlegginga vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar samræmdist ákvæðum viðeigandi laga og reglugerðar.